

Reykjavík, 15. janúar 2020

Tilvísun: 2001010 / 00

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. um Hálandisþjóðgarð.
Þingskjal x-x mál. Stjórnarfrumvarp.**

Vísað er í frumvarp um Hálandisþjóðgarð sem er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Meginefni frumvarpsins felur í sér að sérstök lög verði sett um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þar sem ráðherra er heimilað að friðlýsa tiltekið landsvæði á miðhálandinu sem þjóðgarð og ákveðin skipan og hlutverk stjórnar og umdæmisráða sem fara með stjórnun þjóðgarðsins og stefnumótun í málefnum hans.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa telur stofnun Hálandisþjóðgarðs jákvæða, enda skipta þjóðgarðar miklu máli fyrir ferðapjónustu þar sem þeir eru mikilvægt aðdráttarafl og eftirsóttir áfangastaðir ferðamanna. Þjóðgarðar stuðla að dreifingu ferðamanna um landið og þjóna mikilvægu hlutverki í að fá ferðamenn til að ferðast sem víðast um landið og njóta einstakrar náttúru. Ein helsta ástæða þess að lagt er til að stofna Hálandisþjóðgarð er vaxandi straumur ferðamanna til landsins. Skilningur hefur aukist á hversu mikil verðmæti eru fólgin í að hafa aðgang að náttúru Íslands og að lítt snortin náttúra landsins flokkast undir takmörkuð gæði sem nauðsynlegt er að fara vel með. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að ferðapjónusta hafi aðkomu að stefnumótun og áætlanagerð í þjóðgörðum landsins og að henni sé tryggð seta í umdæmisráðum og stjórnun sem með málefni þjóðgarða fara.

Kannanir Ferðamálastofu sýna að íslensk náttúra er helsta ástæða þess að ferðamenn velja að koma til landsins.¹ Þjóðgarðar hér á landi eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna, til dæmis er stærstur hluti þeirra sem dvelja í Vatnajökulsþjóðgarði erlendir ferðamenn.² Þessir sömu ferðamenn hafa margir hverjir ferðast víða um heim, dvalið í þjóðgörðum á heimsmælikvarða og hafa þar af leiðandi miklar væntingar þegar þeir koma til landsins. Stefna íslenskra stjórnvalda er að upplifun ferðamanna standist eða fari fram úr þeim væntingum sem þeir hafa fyrir Íslandsferð.³ Það er því mikilvægt að öll umgjörð og uppbygging þjóðgarða sé eins og best verður á kosið. Ferðamálastofa bendir á að unnar hafa verið áfangastaðaáætlanir um allt landið utan höfuðborgarsvæðis, þar sem sett eru fram markmið um að stýra uppbyggingu og þróun

¹ Oddný Þóra Óladóttir, „Erlendir ferðamenn á Íslandi 2018: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf,“ Ferðamálastofa, Reykjavík 2019.

(<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2018/konnun-18-2.pdf>).

² Vatnajökulsþjóðgarður, „Ársskýrsla Vatnajökulsþjóðgarðs 2018,“

(<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Almennt/arsskyrsla/grof/arsskyrsla-vjth-2018.pdf>).

³ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, „Leiðandi í sjálfbærri þróun, íslensk ferðapjónusta til 2030,“ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=0bef70be-e109-11e9-944d-005056bc4d74>”.

ferðapjónustu. Í áfangastaðaáætlunum er kallað eftir aukinni landvörslu og fjármagni til náttúruverndar og innviðaupbyggingar, enda skýr vilji allra hagaðila að standa vörð um íslenska náttúru. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með stofnun Hálandisþjóðgarðs skapist tækifæri til að ráðstafa fjármunum í auknum mæli til innviðaupbyggingar á svæðinu, m.a. vegna aukinnar aðsóknar ferðamanna. Ferðamálastofa fagnar því að auka eigi fjármagn til innviðaupbyggingar en kallar engu að síður eftir því að landvarsla og önnur umgjörð þjóðgarðsins verði einnig eflað.

Athugasemdir við einstaka greinar


5. gr. Stjórn Hálandisþjóðgarðs

Ferðamálastofa gerir athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins og bendir á að erfitt kunni að vera fyrir ferðapjónustusamtök og Samtök ferðapjónustunnar að tilnefna sameiginlega fulltrúa í stjórn Hálandisþjóðgarðs. Ferðamálastofa ítrekar að ferðapjónustusamtök eru oft sjálfsprottin félagasamtök og eiga það til að vera misstarfsöm þar sem þau eru oft háð áhuga þeirra sem eru í forsvari þeirra hverju sinni. Slík samtök eiga sér ekki sameiginlegan vettvang svo erfitt er að sjá hvernig hægt verði að tilnefna fulltrúa sameiginlega svo sátt verði um og til hvers eigi að leita varðandi tilnefningar. Ferðamálastofa leggur þess í stað til að ráðherra ferðamála tilnefni fulltrúa í stjórn Hálandisþjóðgarðs og að hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar, s.s. Samtök ferðapjónustunnar tilnefni einn fulltrúa í sömu stjórn.

7. gr. Rekstrarsvæði Hálandisþjóðgarðs

Ferðamálastofa gerir sömu athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins og leggur til að í stað þess að ferðamálasamtök og Samtök ferðapjónustunnar tilnefni sameiginlega fulltrúa í umdæmisráð, tilnefni ráðherra ferðamála einn fulltrúa í hvert umdæmisráð og að hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar, s.s. Samtök ferðapjónustunnar tilnefni einn fulltrúa í hvert ráð.

Virðingarfyllt,
f.h. Ferðamálastofu



Skarphéðinn Berg Steinarsson
ferðamálastjóri

